

Pórdís Andrésdóttir



Pórdís Andrésdóttir f. 30. janúar 1944 er fædd og uppalin í Reykjavík. Hún á ekki fjölskyldutengsl við fólk í Múlakoti en góðar minningar þaðan. Fram að 15 ára aldri var Pórdís í sveit á sumrin. Hún vann fjölbreytt skrifstofustörf, lengst af á skrifstofu Tollstjórans í Reykjavík og Sáttasemjara ríkisins, en seinni árin á skrifstofu verkalýðsfél. Iðju og Eflingar.

Skemmtilegur andi í Múlakoti

Mér er það ljúft að minnst veru minnar í Múlakoti. Ekki veit ég hvernig á því stóð að móðir mín Sigríður Halldórsdóttir réði sig til sumarstarfa við hótelið í Múlakoti. Held þó að það hafi staðið í sambandi við það að faðir minn Andrés Sigurðsson starfaði á þeim tíma víðsvegar um landið yfir sumartímann og hún því ein með okkur systur í borginni. Hún var alla tíð mikið náttúrubarn og sveitin togaði í hana. Ég var mjög ung þetta fyrsta sumar okkar, ekki nema 3ja eða 4ra ára, en Guðný systir mín var með í för hún er 5 árum eldri en ég og hefur því örugglega þurft að passa mig þó hlutirnir hafi verið mun afslappaðri í þá daga en nú. Hún var síðan send sjálfstætt í sveit næsta sumar en fékk stundum að koma í heimsókn í Múlakot að vori eða hausti því hún sótti líka í að koma þangað.

Þetta fyrsta sumar gistum við í tjaldi sem staðsett var á grasbletti utan til á hlaðinu, á þeim tíma var það ekki svo óvenjulegt og ekki veit ég hversu margar vikur þetta voru. Eftir það sváfum við mamma venjulega í litlu kvistherbergi sem sneri upp í hlíðina. Við sváfum saman í mjóu rúmi og

nú skil ég ekki hvernig hægt var að koma fyrir dýnu á gólfinu þegar pabbi kom einhverju sinni í heimsókn. Þegar ég horfi á herbergið núna finnst mér þetta ekki geta gengið upp, en svona var þetta nú samt.

Það var mikill spenningur í loftinu þegar halda átti austur. Rútuferðin var sjálf heilt ævintýri. Bílstjórinn var kallaður Valdi og átti hann sumarhúsið í landi Múlakots, undir hlíðinni vestur af bænum. Með honum komu stundum þakkar frá pabba og hann fór með bréfin frá okkur. Ég fann í fórum föður míns tvö bréf sem ég hafði skrifað honum úr Múlakoti, 6 og 7 ára. Þau hafði hann geymt alla tíð rétt eins og ég síðar.

Það var mjög skemmtilegur andi yfir heimilislífinu. Lára var önnur kafin við að sjá til þess að hlutirnir gengju nú allir upp, hún var ákaflega létt á fæti og alltaf glaðleg. Reynir sinnti búskapnum að mestu, Nína sinnti eldhúsinu, þvottum o.fl., Guðbjörg var mikið í garðinum og skálanum. Ég man vel eftir henni koma inn úr garðinum með skál fulla af salati. Hún skolaði blöðin, raðaði þeim fallega á fat og stráði örlitlum sykri yfir. Þannig voru þau borin inn í borðstofu fyrir gesti. Þetta fannst mér herramannsmatur, en þegar ég ætlaði seinna að leika þetta eftir féll það ekki í kramið hjá fjölskyldu minni. Borðstofan var falleg, pelargoníur í öllum gluggum, dúkar og blóm á borðum. Ólafur var oft úti í skemmu að mála, þá þurfti stundum að skottast þangað til að kalla hann í símann eða í matinn. Gaman þótti mér að fylgjast með honum og ýmsum listamönnum búa sig út í ferðir á jeppanum með trönu og litakassa. Best man ég eftir Jóni Engilberts, ég var oft eitthvað að sniglast í kringum hann þegar hann var að mála í garðinum eða í nágrenninu. Ég var því ekki lítið upp með mér þegar mamma tók mig með sér seinna á sýningu í Listamannaskálanum og ég sá móta fyrir sjálfri mér á mynd úr garðinum og á annarri ofan við Gluggafoss. Ég man eftir tveimur sumarstúlkum í Múlakoti til viðbótar við mömmu. Önnur þeirra hét Sjöfn en hin var kölluð Villa. Þær unnu bæði við hótelið og einnig við heyskap þegar þess þurfti með. Báðar voru þær barngóðar, léttar í skapi og skemmtilegar.

Ekki hafði ég mörgum skyldum að gegna, ég rölti með Lilly að sækja kýrnar, reytti arfa í kartöflugarðinum ásamt henni og Nínu og man eftir að sitja á trékassa ásamt þeim tveimur úti í jarðhýsi. Vinna okkar þar fólst í því að brjóta spírur af kartöflum, og því lík ósköp sem þurfti af þeim fyrir heimilið.

Mest liðu þó dagarnir við leik, úti og inni. Ef rigndi var ég ásamt Fjólu og Lilly inni í baðstofu. Þar lékum við okkur við dúkkulísur og lituðum í litabækur.

Ekki er ég viss um hvort sumardvöl okkar mömmu í Múlakoti hafi verið alveg samfelld, en tel að síðast hafi það verið þegar ég var 9 eða 10 ára, þ.e.a.s. 1953 eða 1954.

Þetta er orðið lengra en ég ætlaði í fyrstu. Minningar mínar um þessi sumur eru allar jákvæðar. Að sjálfsgöðu höfðu allir nóg að starfa en einhvern vegin var svo létt yfir öllu og gleðibragur. Hafa ber í huga að ég var ung og eitthvað kann að hafa skolest til í gegnum árin. Eitt er víst að þessi tími hefur alla tíð yljað mér um hjartarætur og verið mér til góðs á lífsleiðinni.

Þórdís Andrésdóttir.



Sigríður Halldórsdóttir, móðir Þórdísar og Sjöfn Jónsdóttir á hótéltröppunum í Múlakoti þær störfuðu báðar á hótelinu þetta sumar